



Borgarráð

Reykjavík, 23. september 2025

MSS25090096

Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins - samningur og starfsreglur

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samningi milli Reykjavíkurborgar, Kópavogs, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar um svæðisbundið farsældarráð í samræmi við 5. gr. laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna ásamt drögum að starfsreglum ráðsins. Borgarstjóra verði jafnframt veitt umboð til undirritunar samnings og starfsreglna fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Til upplýsinga eru einnig meðfylgjandi drög að skipuriti ráðsins. Þann 15. september samþykkti stjórn SSH fyrirliggjandi drög að samningi og starfsreglum ráðsins sem SSH sendir nú til afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi SSH til borgarráðs – Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins, samningur, skipurit og starfsreglur, dags. 15. september 2025.

Drög að samningi milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um svæðisbundið farsældarráð.

Drög að starfsreglum fyrir farsældarráð höfuðborgarsvæðisins.

Drög að skipuriti farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins.



Reykjavík

Borgarráð Reykjavíkur
Heiða Björg Hilmisdóttir
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogur, 15. september 2025
Málsnr. 2502003
PBG/HBJ

Efni: Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins, samningur, skipurit og starfsreglur

Á 613. fundi stjórnar SSH, hinn 15. september 2025, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins - 2502003

Fyrirliggjandi eru drög að samningi milli Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar um svæðisbundið farsældarráð í samræmi við 5. gr. laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Einnig eru fyrirliggjandi drög að skipuriti ráðsins og starfsreglum þess. Er gerð tillaga um að stjórn samþykki drög að samningnum og drög að starfsreglum ráðsins fyrir sitt leyti og að þau verði send til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.


Tillaga að samsetningu farsældarráðs, verklagi og tímalínu var til kynningar á 608. fundi. Var þá ákveðið að stjórn ásamt sviðsstjórum fræðslu- og velferðarsviða fundaði sérstaklega um málið. Framangreind gögn voru til umræðu á þeim fundi, 20. ágúst sl. Engar athugasemdir bárust varðandi gögnin og eru þau því efnislega óbreytt.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi drög að samningi um svæðisbundið farsældarráð og drög að starfsreglum ráðsins fyrir sitt leyti og er skrifstofu SSH falið að senda þau til afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.


Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélagsins:

Á grundvelli framangreinds eru meðfylgjandi drög að samningi Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar, Reykjavíkur og Seltjarnarnesbæjar um svæðisbundið farsældarráð og drög að starfsreglum ráðsins. Óskað er eftir því að ofangreint verði tekið til efnislegrar umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi sveitarfélagsins. Jafnframt er farið fram á ótakmarkað umboð framkvæmdastjóra þess til undirritunar samningsins fyrir hönd sveitarfélagsins. Til upplýsinga eru einnig meðfylgjandi drög að skipuriti ráðsins.



Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið hannaborg@ssh.is. Sé frekari kynningar óskað skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið hannaborg@ssh.is.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SSH



Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

- Drög að samningi milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um svæðisbundið farsældarráð
- Drög að starfsreglum fyrir farsældarráð höfuðborgarsvæðisins
- Drög að skipuriti farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Samstarfssamningur um svæðisbundið farsældarráð á höfuðborgarsvæðinu

1. gr.

Tilgangur og markmið

Sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær [hér eftir „sveitarfélögin“] mynda sameiginlegt svæðisbundið farsældarráð skv. 5. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og á grundvelli 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011.

Sveitarfélögin, á vettvangi farsældarráðs, vinna sameiginlega áætlun um svæðisbundna forgangsörðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára sem tekur mið af þingsályktun um stefnu og farsæld barna, framkvæmdaáætlun ríkisins og niðurstöðum farsældarþings.

Sveitarfélögin vinna sameiginlega skýrslu um framvindu áætlana um svæðisbundna forgangsörðun aðgerða á tveggja ára fresti.

2. gr.

Skipun í svæðisbundið farsældarráð

Svæðisbundið farsældarráð er vettvangur fyrir svæðisbundið samráð um farsæld barna. Þar eiga sæti fulltrúar svæðisbundinna þjónustuveitenda á vegum ríkis og sveitarfélaga og skal ráðið hafa samráð við fulltrúa notenda á viðkomandi svæði.

Eftirtalin skulu eiga aðild að farsældarráði höfuðborgarsvæðisins:

Stofnun	Fjöldi fulltrúa
Reykjavíkurborg (skóla- og frístundasvið og velferðarsvið)	2
Kópavogsbær (menntasvið og velferðarsvið)	2
Hafnarfjarðarkaupstaður (fjölskyldu- og barnamálasvið og mennta- og lýðheilsusvið)	2
Garðabær (fræðslu- og frístundasvið og velferðarsvið)	2
Mosfellsbær (fræðslu- og frístundasvið og velferðarsvið)	2
Seltjarnarnesbær (fjölskyldusvið)	1
Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu	1
Framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu	1
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	1
Svæðisumdæmi íþróttahéraða	1
Samtals	15

Eftirtalin tilnefna áheyrnarfulltrúa með málfrelsi í farsældarráð höfuðborgarsvæðisins:

Stofnun	Fjöldi áheyrnarfulltrúa
Ungmennaráð höfuðborgarsvæðisins	2
Fulltrúar foreldraráða á höfuðborgarsvæðinu	2
Innleiðingarstjórar farsældar	2-6
Samtals	6-10

3. gr.

Verkefnisstjóri svæðisbundins farsældarráðs

Verkefnisstjóri svæðisbundins farsældarráðs á höfuðborgarsvæðinu starfar á grundvelli samnings milli mennta- og barnamálaráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem gildir til 31. janúar 2027.

Verkefnisstjóri svæðisbundins farsældarráðs er starfsmaður ráðsins og skal hafa náið samráð við starfsfólk og kjörna fulltrúa sveitarfélaganna.

Hlutverk verkefnisstjóra ráðsins er m.a. að:

- halda utan um störf svæðisbundins farsældarráðs, undirbúa og boða fundi þess, rita fundargerðir og senda sveitarstjórnnum allra sveitarfélaga til **kynningar**,
- halda utan um gerð áætlunar um svæðisbundna forgangsörðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára, senda sveitarstjórnnum allra hlutaðeigandi sveitarfélaga til **staðfestingar**,
- halda utan um gerð skýrslu um framvindu áætlana um svæðisbundna forgangsörðun aðgerða á tveggja ára fresti til samræmis við 3. mgr. 5. gr. laga nr. 86/2021,
- sinna öðrum þeim verkefnum sem svæðisbundið farsældarráð felur viðkomandi og falla að tilgangi og markmiði samnings þessa.

4. gr.

Fjárhagsleg atriði

Sveitarstjórnir samþykkja aðgerðaáætlun ráðsins sem felur í sér samþykki ákveðinnar forgangsörðunar þegar kemur að ráðstöfun fjármagns. Hvert sveitarfélag og hver stofnun metur hversu miklum fjármunum hægt er að ráðstafa í hverja aðgerð.

Ef aðgerð felur í sér sérstakan sameiginlegan kostnað skal kostnaðaráætlun fylgja þar sem kostnaði er skipt niður hlutfallslega eftir íbúafjölda sveitarfélaga og á milli stofnanna og skal slík áætlun fylgja aðgerðaáætlun til samþykktar hjá sveitarstjórnnum og stjórna stofnanna.

Fundir svæðisbundins farsældarráðs eru haldnir til skiptis í sveitarfélögunum og því ber hvert sveitarfélag ábyrgð á sjötta hverjum fundi og tilheyrandi fundarkostnaði.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir fundarsetu en fundir fara fram innan hefðbundins vinnutíma.

5. gr.

Breytingar, endurskoðun og uppsögn samnings

Þegar samningur mennta- og barnamálaráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu rennur út skal samningur þessi endurskoðaður með tilliti til verkefna verkefnisstjóra svæðisbundins farsældarráðs.

Samningur þessi fellur úr gildi ef tekin er um það sameiginleg ákvörðun allra sveitarfélaganna.

Ef sveitarfélag eða annar aðili vill hætta samstarfi samkvæmt samningi þessum er það heimilt að undangenginni umræðu í ráðinu um ástæður þess. Skal það þá tilkynnt öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og stofnunum.

Samningur þessi skal endurskoðaður á fjögurra ára fresti af farsældarráði. Skal formaður ráðsins hafa forgöngu þar um. Ef breytingartillögur koma fram skulu þær samþykktar af meirihluta ráðsins og af öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum.

6. gr.

Gildistími

Samningur þessi tekur gildi við undirritun.

Þannig samþykkt í sveitarstjórn:

F.h. Garðabæjar,

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri

F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar,

Valdimar Víðisson, bæjarstjóri

F.h. Kópavogsbæjar,

Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri

F.h. Mosfellsbæjar,

Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

F.h. Reykjavíkurborgar,

Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarstjóri

F.h. Seltjarnarnesbæjar,

Þór Sigurgeirsson, bæjarstjóri

STARFSREGLUR

fyrir Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins

1. gr.

Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins

Í samræmi við ákvæði 5. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og í samræmi við samkomulag sveitarfélaganna frá **xx. Xxx 2025** hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu: Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær komið á fót svæðisbundnu farsældarráði höfuðborgarsvæðisins. Svæðisbundið farsældarráð höfuðborgarsvæðisins er samstarfsvettvangur þjónustuveitenda ríkis og sveitarfélaga sem sinna málefnum barna í landshlutanum.

Heiti ráðsins er Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins. Verkefnastjóri farsældarráðs á höfuðborgarsvæðinu, sem er starfandi hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, annast allt utanumhald með störfum ráðsins.

2. gr.

Skipan ráðsins

Í ráðinu skulu eiga sæti fulltrúar svæðisbundinna þjónustuveitenda á vegum ríkis og sveitarfélaga sem sinna þjónustu við börn, þ.m.t. fulltrúar leik, grunn- og framhaldsskóla, félagsþjónustu og barnaverndar, heilbrigðisþjónustu, lögreglu, skólaþjónustu, frístunda- og íþróttastarfs, sem og aðrir aðilar eftir þörfum svæðisins.

Sveitarfélögin skipa ráðið samkvæmt tilnefningum, sbr. samkomulag sveitarfélaganna frá **xx.xxxx2025**. Hvert sveitarfélag tilnefnir einn fulltrúa fyrir hönd fræðslu-/skólasviðs, og annan fyrir hönd velferðarsviðs. Ef velferðarmál og skólamál heyra undir sama svið er tilnefndur einn aðili. Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu tilnefnir einn fulltrúa, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tilnefnir einn fulltrúa, framhaldsskólarnir á höfuðborgarsvæðinu tilnefna einn fulltrúa og íþróttahreyfingin á höfuðborgarsvæðinu tilnefnir einn fulltrúa. Tilnefna skal varamann fyrir alla fulltrúa.

Hver fulltrúi sem á sæti í ráðinu hefur sér til stuðnings samráðshóp sem hann vinnur náið með á milli funda farsældarráðs. Samráðshóparnir hafa ríku hlutverki að gegna við greiningu á þeim áskorunum sem þarft er að forgangsraða og bregðast við og einnig hafa þeir ríkt hlutverk við mótun aðgerða í aðgerðaáætlun.

Á fyrsta fundi farsældarráðs kýs ráðið sér formann og varaformann úr hópi fulltrúa í ráðinu. Nýr formaður og varaformaður skulu kosnir á tveggja ára fresti.

3. gr.

Hlutverk farsældarráðs

Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins mótar aðgerðaáætlun til fjögurra ára sem byggir á stefnu stjórnvalda um farsæld barna, niðurstöðum farsældarþings og stöðumats á höfuðborgarsvæðinu. Áætlunin skal endurspegla svæðisbundnar áskoranir og tækifæri og skilgreina skýr markmið, aðgerðir, tímaramma, mælikvarða um árangur og ábyrgðaraðila. Verkefnastjóri heldur utan um vinnu ráðsins við mótun áætlunarinnar.

Þegar farsældarráð hefur samþykkt aðgerðaáætlun skal hún lögð fyrir sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga og yfirstjórn þeirra opinberu stofnana sem eiga sæti í ráðinu. Aðgerðaáætlunin og innleiðing hennar skal

endurskoðuð árlega, einkum í tengslum við árlega yfirferð á niðurstöðum Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar og öðrum viðeigandi greiningum. Hún skal birt opinberlega á heimasíðum þjónustuveitenda sem eiga aðild að ráðinu.

4. gr.

Fundir farsældarráðs

Ráðið skal halda reglulega fundi. Á fyrsta starfsári ráðsins, þegar unnið er að mótun aðgerðaáætlunar, fundar ráðið að lágmarki sex sinnum. Eftir að aðgerðaáætlun er tilbúin fundar ráðið að lágmarki tvisvar sinnum á ári. Auk þess getur verið boðað til aukafunda eftir þörfum. Fundir skulu boðaðir með minnst tveggja vikna fyrirvara, nema sérstakar aðstæður kalli á annað. Fundir skulu boðaðir með rafrænum hætti og skal dagskrá fundarins send út með minnst þriggja daga fyrirvara. Fundarboði skulu jafnframt fylgja þau gögn sem heyra undir hvern dagskrárlið og eru nauðsynleg svo fulltrúar ráðsins geti undirbúið sig fyrir fundinn. Fundir skulu boðaðir af verkefnastjóra í samráði við formann ráðsins.

Sjái meðlimur ráðsins sér ekki fært að mæta á fund farsældarráðs skal hann tilkynna formanni farsældarráðs, eða eftir atvikum varaformanni, og verkefnastjóra farsældarráðs um forföll sín og óska eftir boðun varamanns í sinn stað.

Formaður, eða varaformaður í forföllum hans, stýrir fundi. Heimilt er, samkvæmt ákvörðun formanns, eða eftir atvikum varaformanns, hverju sinni, að halda fundi farsældarráðs með fjarfundarbúnaði, enda séu aðstæður með þeim hætti að það sé nauðsynlegt.

Fundargerðir skulu ritaðar og bornar undir meðlimi ráðsins til samþykktar. Fundargerðir og önnur fundarskjöl skulu vistuð í sameiginlegu sem allir meðlimir hafa aðgang að. Verkefnastjóri ber ábyrgð á eftirfylgni með samþykktum verkefnum og miðlun upplýsinga til hluteigandi aðila.

Sveitarfélögin skiptast á að hýsa fundi farsældarráðs og fer eftir stafrófsröð. Ef áætlað er að fundir séu lengri en tvær klukkustundir býður viðeigandi sveitarfélag upp á léttar veitingar.

5. gr.

Samráð við notendur

Ráðið skal tryggja reglulegt og markvisst samráð við börn, foreldra og aðra notendur þjónustu. Þetta skal m.a. gert í gegnum samráð við ungmennaráð, notendaráð, foreldraráð og annan sambærilegan vettvang. Ráðið skal einnig leita eftir sjónarmiðum notenda við mótun stefnu og aðgerðaáætlunar. Verkefnastjóri annast skipulag samráðsins og eftirfylgni.

6. gr.

Verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Með farsældarráði starfar sérstakur starfsmaður SSH, verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins.

Verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins heldur utan um störf farsældarráðs og ber ábyrgð á samhæfingu, utanumhaldi og upplýsingaflæði milli ráðsins og samstarfsaðila. Hann undirbýr, í samráði við formann farsældarráðs, fundi ráðsins skv. 4 gr. og situr fundina með málfrelsi og tillögurétt. Þá ritar hann, eða eftir atvikum annar aðili sem fundarstjóri felur þann starfa, fundargerðir farsældarráðs, og tryggir eftirfylgni með samþykktum verkefnum og markmiðum og leiðir mótun og endurskoðun fjögurra ára aðgerðaáætlunar í samstarfi við ráðið. Verkefnastjóri er ekki meðlimur í farsældarráðinu og tekur ekki þátt í ákvarðanatöku þess.

Verkefnastjóri fylgist með því að samráðshópar fulltrúa farsældarráðs fundi og annast samráð við notendur. Að öðru leyti annast verkefnastjóri farsældarráðs þau verkefni sem honum eru falin af SSH eða farsældarráði.

7. gr.

Eftirfylgni með störfum ráðsins

Á tveggja ára fresti skulu meðlimir ráðsins, með aðstoð verkefnastjóra farsældarráðs, vinna skýrslu um framvindu aðgerðaáætlunar farsældarráðs, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Skýrslunni skal skilað inn til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og kynnt sveitarfélögunum á svæðinu. Tryggja skal að efni skýrslunnar sé aðgengilegt almenningi.

8. gr.

Breytingar á verklagsreglum

Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar reglulega, að lágmarki á fjögurra ára fresti eða við samþykkt nýrrar aðgerðaáætlunar. Skal formaður farsældarráðs hafa forgöngu þar um með það að markmiði að endurmeta fyrirkomulag og árangur af störfum ráðsins. Breytingar skulu bornar undir ráðið og staðfestar af sveitarfélögum og yfirstjórn stofnana sem eiga aðild að ráðinu.

9. gr.

Kostnaður við störf ráðsins o.fl.

Fundir eru haldnir til skiptist í sveitarfélögunum og því ber hvert sveitarfélag ábyrgð á sjötta hverjum fundi, fundarkostnaði þar með töldum.

Hver aðili ber kostnað vegna síns/sinna fulltrúa í ráðinu. Fundir fara fram innan hefðbundins vinnutíma en ekki er greitt sérstaklega fyrir setu í ráðinu.

10. gr.


Gildistaka

Starfsreglur þessar öðlast gildi við samþykkt farsældarráðs á þeirra fyrsta fundi, **xx.xxxx 2025** að undangenginni staðfestingu allra hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins

Drög að skipuriti

Með það að markmiði að styðja við innleiðingu farsældarlaga og tryggja skilvirkt samstarf þjónustuaðila er hér lögð fram tillaga að skipuriti Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins. Farsældarráð vinnur í nánun samstarfi við verkefnastjóra farsældar, sem starfar í umboði sveitarfélaganna og hefur aðsetur hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.




Farsældarráð

Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins er samráðsvettvangur sveitarfélaga og þjónustuaðila sem starfa í þágu barna á svæðinu. Ráðið styður við stefnumótun og samhfæfingu þjónustu í samræmi við farsældarlög og leggur fram tillögur að sameiginlegum áherslum. Ráðið setur fram fjögurra ára aðgerðaáætlun sem lögð er fyrir sveitarstjórnir og viðeigandi stjórnvöld/yfirstjórn til samþykktar.

Samkvæmt farsældarlögum skal ráðið skipað fulltrúum stofnana sem skilgreindar eru sem þjónustuveitendur í lögunum, auk annarra aðila sem teljast mikilvægir þátttakendur í svæðisbundnu samráði. Ráðið fundar að lágmarki tvisvar á ári og tilnefna aðilar ráðsins aðal- og varafulltrúa.

Fulltrúar sveitarfélaganna tala röddu sex ólíkra þjónustuveitenda sem sveitarfélögin reka:



Lagt er til að eftirfarandi eigi aðild að farsældarráði:

Stofnun	Fjöldi fulltrúa	Fjöldi varamanna
Reykjavíkurborg (skóla- og frístundasvið og velferðarsvið)	2	2
Kópavogsbær (menntasvið og velferðarsvið)	2	2
Hafnarfjarðarkaupstaður (fjölskyldu- og barnamálasvið og mennta- og lýðheilsusvið)	2	2
Garðabær (fræðslu- og frístundasvið og velferðarsvið)	2	2
Mosfellsbær (fræðslu- og frístundasvið og velferðarsvið)	2	2
Seltjarnarnesbær (fjölskyldusvið)	1	1
Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu	1	1
Framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu	1	1
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	1	1
Svæðisumdæmi íþróttahéraða	1	1
Samtals	15	15

Lagt er til að eftirfarandi eigi áheyrnarfulltrúa með málfrelsi í farsældarráði

Stofnun	Fjöldi áheyrnarfulltrúa
Ungmennaráð höfuðborgarsvæðisins	2
Foreldraráð	2
Innleiðingarstjórar farsældar	2-6
Samtals	6-10

Allir fulltrúar farsældarráðs hafa ríkt umboð, innsýn og þekkingu á sínum málaflokkum og geta því bæði sinnt stefnumótun, mótun aðgerða og komið aðgerðum í framkvæmd í samvinnu við sína samráðshópa.

Samráðshópar

Hver fulltrúi sem á sæti í ráðinu hefur sér til stuðnings samráðshóp sem hann vinnur náið með á milli funda farsældarráðs. Samráðshóparnir hafa ríku hlutverki að gegna við greiningu á þeim áskorunum sem þarft er að forgangsraða og bregðast við og einnig hafa þeir ríkt hlutverk við mótun aðgerða í aðgerðaáætlun.

Fulltrúar sveitarfélaganna hafa á bak við sig samráðshóp síns sveitarfélags sem eru skipaðir fulltrúum grunnskóla, leikskóla, frístunda- og félagsmiðstöðva, barnaverndar og félagsþjónustu auk innleiðingarstjóra farsældar. Hverju sveitarfélagi er frjálst að ákveða fjölda einstaklinga í samráðshópnum og móta verklag hans. Hópar af þessu tagi eru þegar starfandi í sveitarfélögunum, oft undir heitinu *Stýrihópur farsældar*.

Fulltrúi heilsugæslunnar hefur á bak við sig samráðshóp sem samanstendur af fulltrúum af öllum sviðum starfssemi heilsugæslunnar sem viðkemur börnum, t.d. geðheilsumiðstöð barna, skólahjúkrun, ungubarnavernd og almennar heimilislækningar.

Fulltrúi lögreglunnar hefur á bak við sig samráðshóp sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu kemur saman í takt við greiningu á þeim störfum lögreglu sem varða börn með beinum hætti.

Fulltrúi framhaldsskólanna hefur á bak við sig samráðshóp sem í sitja allir skólameistarar framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu. Hópurinn er þegar starfandi.

Fulltrúi íþróttahreyfingarinnar tryggir samráð við íþróttafélögin á höfuðborgarsvæðinu og íþróttahéruð, kemur til þeirra upplýsingum og tekur við umsögnum og athugasemdum. Þegar hefur verið stofnað til samráðsins að aðgerðaáætlun íþróttahreyfingarinnar mótuð í tengslum við það. Fulltrúi íþróttahreyfingarinnar tryggir einnig samráð við íþróttafulltrúa sveitarfélaganna.

Innleiðingarstjórar farsældar í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu mynda samráðshóp og eiga áheyrnarfulltrúa með málfrelsi í ráðinu. Þessi hópur er þegar starfandi. Innleiðingarstjórar farsældar sitja einnig í samráðshópum sveitarfélaganna og eru mikilvægir ráðgefandi aðilar þegar kemur að því að bæta samþættingu þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Áheyrnarfulltrúar barna tryggja samráð við ungmennaráð sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Áheyrnarfulltrúar foreldra tryggja samráð við foreldrafélög á höfuðborgarsvæðinu.

Utanaðkomandi sérfræðipækking

Verkefnastjóri skipuleggur kynningar frá aðilum sem veitt geta gagnlegar upplýsingar, verkfæri og rannsóknir og skapar tækifæri samtals milli þeirra og ráðsins. Sem dæmi um þessa aðila má nefna:

- Miðstöð menntunar og skólaþróunar sem kynnt getur það sem hefur verið í þróun hjá þeim, farsæld barna til heilla;
 - MEMM
 - Heillaspor
 - Föruneyti barna
 - Frigg
- Háskóli Íslands - Umsjónarfólk Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar
- ADHD samtökin, Einhverfusamtökin
- Embætti landlæknis
- Ráðgjafar- og greiningamiðstöð
- Heimili og skóli

Sóknaráætlunarverkefni SSH

Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins er stefnumótandi áætlun sem miðar að því að efla og styrkja svæði og samfélag höfuðborgarsvæðisins. Áætlunin byggir á greiningu og samráði, þ.á.m. við fulltrúa sveitarfélaganna og lykilfólk í háskóla-, atvinnu og menningarlífi á höfuðborgarsvæðinu. Einn af þremur meginmálaflokkum sóknaráætlunar 2025-2029 er málaflokkurinn *Velferð og samfélag*. Á hverju ári eru unnin sérstök verkefni í tengslum við markmið sóknaráætlunarinnar sem hefur verið forgangsraðað. Mörg af verkefnum sem unnin hafa verið á undanförunum árum og/eða verið er að vinna að, snerta farsæld barna. Sérstaklega ber að nefna eftirfarandi sóknaráætlunarverkefni:

- 2024 - Forvarnir og geðrækt ungmenna á aldrinum 16-25 ára,
- 2025 - Fýsileikakönnun á sameiginlegri stofnun sérskóla eða sérúrræðis á höfuðborgarsvæðinu
- 2025 - Álag í grunnskólum þar sem markmiðið er að greina ástæður og gera tillögur að úrbótum
- 2024/2025 - Börn innflytjenda í skólum á höfuðborgarsvæðinu sem unnið er í nánnum tengslum við MEMM verkefni MMS og menntamálaráðuneytisins.

Mikilvægt er að farsældarráð fái kynning á þessum verkefnum sem unnin eru fyrir höfuðborgarsvæðið í heild þannig að niðurstöður þeirra nýtist við vinnu ráðsins.

Samantekt

Tillaga að skipuriti Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins byggir á traustu farsældarráði, skipuðu fulltrúum með ríkt umboð, reynslu og innsýn í sína málaflokka. Samráðshópar hvers fulltrúa tryggja samráð við þjónustuveitendur almennt. Saman geta meðlimir farsældarráðs og samráðshópar þeirra tryggt góða forgangsriðun og mótun aðgerða og tryggt að aðgerðir komist til framkvæmdar. Tryggt verður að utanaðkomandi fagfólk fái tækifæri til að koma mikilvægum upplýsingum og ráðleggingum til ráðsins þannig að vinna þess byggji á traustum grunni.

Tillaga að skipuriti styður þannig við innleiðingu farsældarlaga á höfuðborgarsvæðinu í nánnum samstarfi við öll þjónustu- og stjórnsýslustig. Fyrirkomulagið eflir samvinnu, ábyrgðarskiptingu, gagnsæi og samhæfingu í þjónustu við börn og fjölskyldur.

Eftirfarandi einstaklingar hafa verið tilnefndir í farsældarráð höfuðborgarsvæðisins:

Stofnun/ sveitarfélag	Aðalmaður	Titill	Varamaður	Titill
Reykjavík	Steinn Jóhannsson	Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs	Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir	Skrifstofustjóri skóla- og frístundasviðs
	Rannveig Einarsdóttir	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Sigbrúður Erla Arnardóttir	Skrifstofustjóri ráðgjafar á velferðarsviði
Kópavogur	Amanda K. Ólafsdóttir	Skrifstofustjóri menntasviðs	Anna Birna Snæbjörnsdóttir	Sviðsstjóri menntasviðs
	Jóhanna Lilja Ólafsdóttir	Skrifstofustjóri velferðarsviðs	Sigrún Þórarinsdóttir	Sviðsstjóri velferðarsviðs
Hafnarfjörður	Fanney D. Halldórsdóttir	Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs	Erla Björg Rúnarsdóttir	Deildarstjóri samþættrar þjónustu barna og ungmenna
	Guðlaug Ósk Gísladóttir	Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs	Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir	Deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu
Garðabær	Guðbjörg Linda Udengard	Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs	Edda Björg Sigurðardóttir	Grunn- og tónlistarskólafulltrúi
	Svanhildur Þengilsdóttir	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Anna Eygló Karlsdóttir	Deildarstjóri barnaverndar
Mosfellsbær	Ólöf Sívertsen	Sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs	Elvar Jónsson	Verkefnastjóri farsældar
	Sigurbjörg Fjölnisdóttir	Sviðsstjóri velferðarsviðs	Kristbjörg Hjaltadóttir	Deildarstjóri félagsþjónustu
Seltjarnarnes	Baldur Pálsson	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs	Gissur Ari Kristinsson	Verkefnastjóri frístunda- og forvarna
Heilsugæsla höfuðb.sv.	Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir	Yfirlæknir á geðheilsumiðstöð barna	Ásgerður Arna Sófusdóttir	Teymisstjóri fjölskylduteymis geðheilsumiðstöðvar barna
Lögreglan á höfuðb.sv.	Þóra Jónasdóttir	Aðstoðaryfir-lögregluþjónn	Marta Kristín Hreiðarsdóttir	Deildarstjóri upplýsinga- og áætlunardeildar
Framhaldsskólar á höfuðb.sv.	Helga Sigríður Þórsdóttir	Skólameistari MS	Fundur 16. sept	Skólameistari/ aðstoðarskólameistari
ÍSÍ/UMFÍ	Hansína Þóra Gunnarsdóttir	Starfsmaður svæðisstöðvar ÍSÍ/UMFÍ	Ráðningarferli í gangi	Starfsmaður svæðisstöðvar ÍSÍ/UMFÍ